

SAMÞYKKT

um stjórn Mosfellsbæjar.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar, sjálfstjórn hennar og verkefni sveitarfélagsins.

1. gr.

Skipan bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar er skipuð ellefu fulltrúum, sem kjörnir eru lýðræðislegri kosningu af íbúum sveitarfélagsins samkvæmt kosningalögum.

2. gr.

Sjálfstætt stjórnvald.

Mosfellsbær er sjálfstætt stjórnvald, sem er stjórnað af lýðræðislega kjörinni bæjarstjórn í umboði íbúa sveitarfélagsins.

3. gr.

Verkefni sveitarfélagsins.

Mosfellsbær annast þau lögmæltu verkefni sem honum eru falin í lögum, sbr. og leiðbeinandi auglýsingu frá ráðuneyti sveitarstjórnarmála.

Mosfellsbær vinnur að sameiginlegum velferðarmálum íbúanna eftir því sem fært þykir á hverjum tíma.

Mosfellsbær er heimilt að taka að sér hvert það verkefni sem varðar íbúa hans, enda sé það ekki falið öðrum að lögum.

II. KAFLI

Um bæjarstjórn.

4. gr.

Hlutverk bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn fer með stjórn sveitarfélagsins samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, með síðari breytingum, annarra laga og samþykkt þessari.

Bæjarstjórn hefur ákvörðunarvald um nýtingu tekjustofna, lántökur og ráðstöfun eigna og um framkvæmd verkefna sveitarfélagsins.

5. gr.

Verkefni bæjarstjórnar.

Meðal verkefna bæjarstjórnar er:

- Að sjá um að lögbundnar skyldur séu ræktar og hafa eftirlit með því að fylgt sé viðeigandi reglum í störfum sveitarfélagsins.
- Að kjósa forseta og 1. og 2. varaforseta bæjarstjórnar, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla sveitarstjórnarlaga, að ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki sem annast skal endurskoðun hjá sveitarfélaginu, sbr. VII. kafla sveitarstjórnarlaga.
- Að setja bæjarstjórn síðareglur, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga.
- Að ákveða stjórnskipan sveitarfélagsins, ráða bæjarstjóra, sbr. 54. gr. sveitarstjórnarlaga og annað starfsfólk í æðstu stjórnunarstöður sveitarfélagsins, sbr. 56. gr. laganna.
- Að móta stefnu fyrir starfsemi sveitarfélagsins, deilda og stofnana, setja starfsemi sveitarfélagsins reglur, setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um.
- Að fara með fjárstjórnarvald sveitarfélagsins, sbr. 58. gr. sveitarstjórnarlaga og gera fjárhagsáætlanir, sbr. 62. gr. sömu laga.
- Að bera ábyrgð á fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja, sbr. 77. gr. sveitarstjórnarlaga og VIII. kafla samþykktar þessarar og taka ákvarðanir um verulegar skuldbindingar Mosfellsbæjar til lengri tíma.

8. Að hafa eftirlit með framkvæmd samstarfsverkefna og þjónustusamninga, sbr. IX. kafla sveitarstjórnarlaga.
9. Að veita íbúum sveitarfélagsins og þeim sem njóta þjónustu þess upplýsingar um málefni sem snerta hagi þeirra og um samstarf sem sveitarfélagið hefur við önnur sveitarfélög, sbr. 103. gr. sveitarstjórnarlaga.

6. gr.

Ný bæjarstjórn tekur til starfa.

Nýkjörin bæjarstjórn tekur við störfum 15 dögum eftir kjördag. Jafnlengi heldur fráfarandi bæjarstjórn umboði sínu, með þeim takmörkunum sem leiðir af lögum um kosningar til sveitarstjórna. Nýkjörin bæjarstjórn hefur einungis umboð til töku ákvarðana um málefni bæjarstjórnarinnar eða sveitarfélagsins eftir að hún tekur við störfum.

Sá fulltrúi í nýkjörinni bæjarstjórn sem á að baki lengsta setu í bæjarstjórn boðar til fyrsta fundar ekki síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum eftir kosningar. Hann stýrir fundi þar til forseti hefur verið kjörinn. Hafi tveir eða fleiri fulltrúar setið jafnlengi í bæjarstjórn fer aldursforseti þeirra með verkefni samkvæmt þessari málsgrein.

Fyrsta fund skal boða með a.m.k. fjögurra daga fyrirvara.

7. gr.

Kjör forseta og varaforseta.

Á fyrsta fundi kys bæjarstjórn forseta og tvo varaforseta til eins árs í senn.

Njóti forseti eða varaforsetar ekki lengur stuðnings bæjarstjórnar skal kjósa í þau embætti að nýju. Hið sama á við ef forseti eða varaforseti forfallast varanlega eða fá lausn frá starfi.

Sá telst rétt kjörinn forseti sem fær atkvæði meirihluta þeirra sem sæti eiga í bæjarstjórn. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju. Við aðra umferð telst sá rétt kjörinn sem fær meirihluta atkvæða þeirra fulltrúa sem sitja fundinn eða ef viðkomandi er sá eini sem fær atkvæði. Fáist ekki niðurstaða við aðra umferð skal kosið þriðja sinni en þá á milli þeirra tveggja sem flest atkvæði fengu við aðra umferð. Ef nauðsynlegt reynist skal varpa hlutkesti um það milli hverra tveggja verður kosið. Verður þá sá rétt kjörinn sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti.

Þegar að lokinni kosningu forseta skal kjósa fyrsta og annan varaforseta. Kosning varaforseta fer fram með sama hætti og forseta. Varaforsetar skulu gegna, í rétttri röð, störfum forseta í forföllum hans.

Tilkynna skal kjör forseta og varaforseta til ráðuneytis sveitarstjórnarmála þegar að því loknu.

Sé enginn forseta á fundi gegnir starfsaldursforseti störfum forseta nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

III. KAFLI

Fundir bæjarstjórnar og fundarsköp.

8. gr.

Fundir bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi annan hvern miðvikudag sem ekki ber upp á almennan frídag. Bæjarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 16.30 og fara fram á bæjarskrifstofu Mosfellsbæjar, nema bæjarstjórn ákveði annað.

Aukafundi skal halda í bæjarstjórn þegar forseti eða bæjarstjóri telur það nauðsynlegt eða ef þriðjungur bæjarfulltrúa óskar þess.

Bæjarstjórn er heimilt að fella niður reglulegan fund sinn enda sé tillaga um slíkt samþykkt mótatkvæðalaust á næsta bæjarstjórnarfundum á undan.

Heimilt er að fella niður fundi í bæjarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi enda taki bæjarstjórn ákvörðun um það.

9. gr.

Boðun bæjarstjórnarfundum.

Bæjarstjóri boðar bæjarstjórnarfundum. Fundarboð skal berast bæjarstjórnarmönnum ekki síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund.

Aukafund skal boða ekki síðar en tveimur virkum dögum eftir að ósk þar um barst þeim er boða skal fund. Fundarboð vegna aukafundar skal berast bæjarstjórnarmönnum svo fljótt sem auðið er og ekki síðar en sólarhring fyrir fund.

Fundarboði skal fylgja dagskrá fundar og þau gögn sem eru nauðsynleg til að bæjarstjórnarmenn geti tekið upplýsta afstöðu til mála sem þar eru tilgreind. Heimilt er að senda fundarboð og gögn með rafrænum hætti.

10. gr.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar í samráði við forseta og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, svo sem kosningu forseta og varaforseta, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins, svo og ráðningar bæjarstjóra, framkvæmdastjóra sviða og endurskoðenda hans.
2. Fundargerðir bæjarráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins.
3. Ályktanir og tillögur sem fram koma í fundargerðum, sbr. 2. tölul., hér að framan og þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar, skal tilgreina sérstaklega í dagskrá.
4. Önnur mál sem falla undir verksvið bæjarstjórnar og bæjarstjóri eða forseti ákveða að taka á dagskrá eða einhver bæjarfulltrúi óskar eftir að verði tekin á dagskrá.

Bæjarfulltrúi sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega eða með rafrænum hætti, ásamt því að skila nauðsynlegum gögnum, fyrir kl. 11.00 á föstudegi fyrir reglulegan fundartíma bæjarstjórnar.

11. gr.

Tilkynning til íbúa um fundi bæjarstjórnar.

Í upphafi kjörtímabils bæjarstjórnar tekur bæjarstjórn ákvörðun um hvar og hvenær bæjarstjórnarfundir eru haldnir, sbr. 8. gr. samþykktar þessarar, og skal sú ákvörðun kynnt íbúum sveitarfélagsins með tryggum hætti.

Íbúum sveitarfélagsins skal kynnt með opinberri auglýsingu eða með auglýsingu á vefsíðu sveitarfélagsins um fyrirhugaða fundi bæjarstjórnar ásamt dagskrá, innan sömu tímafresta og við á um bæjarstjórnarmenn, enda standi reglur um þagnarskyldu því ekki í vegi.

12. gr.

Opnir fundir bæjarstjórnar.

Fundir bæjarstjórnar eru opnir almenningi, en heimilt er að ákveða að einstök mál skuli rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis máls. Forseti eða bæjarstjórn getur jafnframt ákveðið að ræða fyrir luktum dyrum tillögu um lokun fundar.

Þrátt fyrir að fundi sé lokað er heimilt að ákveða að tiltekið starfsfólk sveitarfélagsins sé viðstatt. Bæjarstjórn getur heimilað einstaklingi utan bæjarstjórnar að taka til máls á bæjarstjórnarfundum.

13. gr.

Ályktunarhæfi og atkvæðagreiðsla.

Bæjarstjórn getur enga ályktun gert nema meira en helmingur bæjarfulltrúa sé viðstaddur á fundi.

Á bæjarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu. Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og á móti fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

14. gr.

Þátttaka í fundi með rafrænum hætti.

Bæjarfulltrúum og nefndarmönnum í bæjarstjórn, nefndum og ráðum á vegum sveitarfélagsins er heimilt að taka þátt í fundum með rafrænum hætti, séu þeir staddir í sveitarfélaginu Mosfellsbæ eða í erindagjörðum innanlands á vegum þess. Fer um framkvæmd slíkra funda skv. leiðbeiningum ráðuneytis sveitarstjórnarmála, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

15. gr.

Tvær umræður í bæjarstjórn.

Bæjarstjórn skal hafa tvær umræður, með a.m.k. einnar viku millibili, um eftirtalin málefni:

1. Samþykktir og aðrar reglur sem samkvæmt lögum eiga að hljóta staðfestingu ráðherra.
2. Staðfestingu ársreiknings.
3. Stefnunarkandi áætlanir sem gilda eiga til lengri tíma og taka til sveitarfélagsins í heild eða meirihluta þess.
4. Tillögu um sameiningu við annað sveitarfélag skv. 2. mgr. 120. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þá skal bæjarstjórn hafa tvær umræður, með a.m.k. tveggja vikna millibili, um fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins skv. 62. gr. sveitarstjórnarlaga. Ákvæði þetta gildir þó ekki um samþykkt viðauka við fjárhagsáætlanir.

16. gr.

Fundarstjórn.

Forseti stjórnar umræðum á fundum bæjarstjórnar. Hann setur fund, kannar lögmati hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Hann sér um að fundargerðir séu færðar og að allar tillögur og ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar, svo og hverja afgreiðslu þær hljóta.

Forseti sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum bæjarstjórnar. Hann úrskurðar um skilning á fundarsköpum samkvæmt samþykkt þessari en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar.

17. gr.

Vald forseta.

Skylt er bæjarfulltrúa að lúta valdi forseta í hvívetna varðandi það að gætt sé góðrar reglu.

Ef bæjarfulltrúi ber aðra menn brigslum eða vikur verulega frá umræðuefninu skal forseti víta hann. Ef bæjarfulltrúi er víttur tvisvar á sama fundi getur forseti lagt til við bæjarstjórn að hann verði sviptur málfrelsi það sem eftir er fundar. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust.

Ef bæjarfulltrúi hlýðnast ekki úrskurði forseta eða almenn óregla kemur upp á fundi skal forseti gera hlé um stundarsakir eða ef nauðsyn krefur fresta eða slíta fundi.

Ef áheyrandi á bæjarstjórnarfundi raskar fundarfriði getur forseti vísað honum úr fundarsal.

Leyfi forseta þarf til að taka myndir í fundarsal bæjarstjórnar.

18. gr.

Afgreiðsla dagskrármála.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í þeirri röð sem dagskrá kveður á um nema bæjarstjórn eða forseti ákveði að önnur röð skuli höfð. Forseti getur ákveðið að tiltekið mál í fundargerð sem er á dagskrá verði gert að sérstökum dagskrárlið á fundinum. Heimilt er að taka mál á dagskrá þótt ekki sé þess getið í fundarboði, enda samþykki 2/3 viðstaddra bæjarstjórnarmanna þau afbrigði.

19. gr.

Málfrelsi bæjarstjóra.

Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í bæjarstjórn.

20. gr.

Málfrelsi.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar.

Bæjarfulltrúi sem taka vill til máls skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu bæjarfulltrúar taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er að víkja frá þessu ef um er að ræða bæjarstjóra eða framsögumann svo og bæjarfulltrúa sem gera vill stutta athugasemd, bera af sér ámæli eða veita andsvar. Ef tveir eða fleiri kveða sér hljóðs samtímis ákveður forseti í hvaða röð þeir tala.

Bæjarfulltrúi skal flytja mál sitt úr ræðustól nema forseti leyfi annað.

21. gr.

Ávarp ræðumanns.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta.

Bæjarfulltrúi skal ávarpa einstaka bæjarfulltrúa með fullu nafni.

Þegar fundargerð er til umræðu skal bæjarfulltrúi taka fram hvaða dagskrárlið fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Ekki má lesa upp prentað mál nema forseti leyfi.

22. gr.

Hversu oft má tala.

Bæjarfulltrúi má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Bæjarfulltrúa er þó heimilt að taka oftari máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn forseta. Bæjarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður mega þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls. Bæjarstjóri hefur óbundið málfrelsi.

23. gr.

Ræðutími.

Bæjarstjórn er heimilt að setja sérstakar reglur um ræðutíma. Telji forseti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers bæjarfulltrúa verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða að umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver bæjarfulltrúi getur og borið fram slíkar tillögur. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs.

Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

24. gr.

Tillögur og afgreiðsla.

Bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef forseti óskar. Forseti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu í samræmi við almennar reglur um fundarsköp.

Forseti sker úr því hvernig atkvæðagreiðslum um tillögur skuli hagað.

25. gr.

Réttur til bókunar.

Þeir sem hafa rétt til að taka þátt í umræðum í bæjarstjórn eiga rétt á að fá bókaðar í fundargerð stuttar athugasemdir um afstöðu til þeirra mála sem til umræðu eru.

Bókanir skulu að jafnaði ekki vera lengri en 200 orð. Óheimilt er að færa í fundargerð greinargerð eða hvers konar skriflegan málflutning um afstöðu bæjarfulltrúa til máls sem til meðferðar er.

26. gr.

Atkvæðagreiðsla.

Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Bæjarfulltrúi greiðir atkvæði úr sæti sínu. Forseti biður þá bæjarstjórnarmenn sem samþykkja mál að rétta upp hönd. Að því búnu leitar forseti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar. Ef mál er svo vaxið að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Forseti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá bæjarfulltrúa í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða bæjarfulltrúi greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarfulltrúi,

þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða á móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef bærjarfulltrúi óskar og bærjarstjórn samþykkir.

27. gr.

Kosningar.

Kosningar sem fara fram í bærjarstjórn, skv. 43. gr. sveitarstjórnarlaga, skulu vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar, sé þess óskað. Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við forsetakjör. Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

Bærjarstjórn ber að hafa í huga ákvæði 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga varðandi kynjahlutfall.

28. gr.

Ritun og birting fundargerða.

Bærjarstjórn getur ráðið fundarritara utan bærjarstjórnar til að annast ritun fundargerða bærjarstjórnar eða falið starfsmanni ritun funda.

Fundargerðir eru skráðar með rafrænum hætti.

Fundargerðir skulu ritaðar í samræmi við auglýsingu um leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna nr. 1181/2021.

29. gr.

Hæfi til þátttöku í meðferð og afgreiðslu einstakra mála.

Um hæfi bærjarfulltrúa, nefndarfulltrúa og starfsfólks sveitarfélagsins til þátttöku í meðferð eða afgreiðslu mála þar sem á, eða til greina kemur, að taka stjórnvaldsákvörðun skv. 2. mgr. 1. gr. stjórn-sýslulaga, nr. 37/1993, gilda ákvæði stjórn-sýslulaga sé ekki öðruvísi ákveðið í sveitarstjórnarlögum og í samþykkt þessari. Viðkomandi telst þó aðeins vanhæfur sé hann eða hafi hann verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar. Þá verður starfsmaður sveitarfélagsins ekki vanhæfur vegna vanhæfis yfirmanns ef eðli máls eða uppbygging stjórnkerfis sveitarfélagsins þykir ekki gefa tilefni til slíks.

Í öðrum tilvikum en skv. 1. mgr. ber bærjarfulltrúa, nefndarfulltrúa eða starfsmanni sveitarfélagsins að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af. Þessi regla tekur einnig til gerðar samninga fyrir hönd sveitarfélagsins.

Að öðru leyti vísast til 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

30. gr.

Varamenn í bærjarstjórn.

Varamenn taka sæti í bærjarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast.

Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnsmálaflokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um að varamenn listans, sem eru úr sama stjórnsmálaflokki eða samtökum og aðalmaður, taki sæti hans í bærjarstjórn í þeirri röð sem þeir voru kosnir án tillits til þess hvar þeir annars eru í röð varamanna. Sé enginn varamaður af viðkomandi lista í sama stjórnsmálaflokki eða samtökum og sá aðalfulltrúi sem í hlut á taka varamenn listans sæti samkvæmt venjulegum reglum.

Yfirlýsing um samkomulag skv. 2. mgr. skal leggja fram á fyrsta eða öðrum fundi bærjarstjórnar að loknum sveitarstjórnarkosningum og gildir hún til loka kjörtímabils.

Um varamenn fer að öðru leyti samkvæmt 21. gr. sveitarstjórnarlaga.

IV. KAFLI

Réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

31. gr.

Skyldur bæjarfulltrúa.

Bæjarfulltrúa ber skylda til að taka þátt í öllum bæjarstjórnarfundum og fundum í nefndum og ráðum sem hann hefur verið kjörinn til nema lögmæt forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í bæjarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum sveitarfélagsins, sem og til annarra trúnaðarstarfa á vegum sveitarfélagsins. Sá sem verið hefur forseti heilt kjörtímabil eða lengur eða gegnt ákveðnu starfi innan bæjarstjórnar jafnlangan tíma eða lengur getur skorast undan kosningu til þess starfs jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið með höndum. Ösk um undanþágu skal sett fram áður en kjör í viðkomandi nefnd eða trúnaðarstarf fer fram.

Hverjum bæjarfulltrúa er skylt að inna af hendi störf sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnarinnar.

Bæjarfulltrúar skulu gæta trúnaðar um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

32. gr.

Réttur bæjarfulltrúa.

Bæjarfulltrúar eru sjálfstæðir í störfum sínum. Þeir eru einungis bundnir af lögum og eigin sannfæringu um afstöðu til einstakra mála.

Bæjarfulltrúi á rétt á að tekið verði á dagskrá bæjarstjórnarfundar hvert það málefni sem sérstaklega varðar hagsmuni sveitarfélagsins eða verkefni þess.

Mál sem ekki er tilgreint á boðaðri dagskrá bæjarstjórnarfundar verður þó ekki tekið til afgreiðslu á viðkomandi fundi án samþykkis 2/3 hluta fundarmanna.

Bæjarfulltrúar hafa málfrelsi á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í fundarsköpum bæjarstjórnar. Þeir hafa tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar.

Vilji bæjarfulltrúi ekki una úrskurði forseta um stjórn fundar og fundarsköp getur hann skotið úrskurðinum til bæjarstjórnar sem sker úr án umræðna.

33. gr.

Aðgangur að gögnum

Vegna starfa sinna í bæjarstjórn á sérhver bæjarfulltrúi rétt á að kynna sér gögn og upplýsingar sem fyrir liggja í stjórnsýslu Mosfellsbæjar og varða málefni sem komið geta til umfjöllunar í bæjarstjórn.

Bæjarfulltrúi skal eiga eðlilegan aðgang að skrifstofu og stofnunum Mosfellsbæjar í þeim tilgangi að kynna sér starfsemi bæjarins og rekstur.

Óski bæjarfulltrúi gagna sem liggja fyrir í stjórnsýslu sveitarfélagsins skal beiðni um slíkt beint skriflega til bæjarstjóra eða framkvæmdastjóra, sem annast milligöngu um öflun þeirra og skal afgreiða slíka beiðni eins skjótt og unnt er. Ef umbeiðni gögn eru undanþegin upplýsingarétti almennings eða eru óvenju viðamikil er bæjarfulltrúa heimilt að kynna sér þau á skrifstofu sveitarfélagsins. Óski bæjarfulltrúi upplýsinga sem krefjast sérstakrar vinnu starfsfólks, svo sem úttekta eða útreikninga sem ekki liggja fyrir, ber bæjarfulltrúa að bera fram skriflega fyrirspurn í viðkomandi ráði eða nefnd eða snúa sér til bæjarstjóra.

Ef beiðni bæjarfulltrúa varðar viðkvæma persónulega hagi einstaklings sem ekki er til umfjöllunar í bæjarstjórn, er heimilt að neita um afhendingu gagna og upplýsinga.

34. gr.

Siðareglur og góðir starfshættir.

Bæjarfulltrúi skal í störfum sínum fara eftir þeim siðareglum sem bæjarstjórn hefur sett sér, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga.

35. gr.

Lausn frá störfum.

Telji bæjarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum sínum í bæjarstjórn án óhæfilegs álags, getur hann óska eftir því við bæjarstjórnin að hún:

1. létti af honum störfum eða
2. veiti honum lausn úr bæjarstjórn um tiltekinn fyrirframákveðinn tíma eða til loka kjörtímabils.

Þegar bæjarfulltrúi flytur úr sveitarfélaginu um stundarsakir má bæjarstjórn ákveða, að ósk hans, að hann skuli víkja úr bæjarstjórn þar til hann tekur aftur búsetu í sveitarfélaginu. Slík ákvörðun skal tekin áður en bæjarfulltrúi flytur um stundarsakir.

Sé ekki tekin ákvörðun samkvæmt 2. mgr. missir bæjarfulltrúi kjörgengi við skráningu lögheimilis í öðru sveitarfélagi og getur ekki tekið aftur sæti í sveitarstjórn á kjörtímabilinu taki hann aftur búsetu í sveitarfélaginu.

Missi bæjarfulltrúi kjörgengi skal hann víkja úr bæjarstjórn. Ef bæjarfulltrúi missir fjárforræði skal bæjarstjórn veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

Sá starfsmaður sem fengið hefur framselt vald til fullnaðarafgreiðslu skv. 3. mgr., eða þriðjungur fulltrúa ef um fastanefnd er að ræða, sbr. 2. mgr., getur ávallt óskað eftir því að bæjarstjórn, bæjarráð eða viðkomandi nefnd samkvæmt samþykkt þessari taki ákvörðun um erindi.

36. gr.

Boðun varamanna.

Þegar aðalmaður er vanhæfur til meðferðar máls í bæjarstjórn skal boða varamann hans til meðferðar þess og afgreiðslu. Að afgreiðslu máls lokinni tekur aðalmaður sæti sitt á viðkomandi fundi á ný. Verði innköllun varamanns ekki við komið getur vanhæfur bæjarfulltrúi krafist þess að umræðu og afgreiðslu máls verði frestað til næsta fundar. Frestun nær þó ekki fram að ganga ef 2/3 hlutar viðstaddra bæjarfulltrúa greiða atkvæði gegn frestun eða ef frestun hefur í för með sér að gengið sé gegn lögbundnum afgreiðslutíma máls.

Þegar aðalmaður getur ekki mætt til fundar eða þarf að víkja af fundi af heilsufarsástæðum eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum tekur varamaður hans sæti í bæjarstjórn á þeim fundi. Aðalmaður skal tilkynna forföll til fundarboðanda skv. samþykkt þessari, eins fljótt og auðið er og boða varamann í sinn stað. Forföll samkvæmt þessari málsgrein taka ávallt til viðkomandi fundar í heild, eða til loka fundar sé um það að ræða.

Þegar fyrirséð er að aðalmaður í bæjarstjórn mun taka hlé frá störfum vegna atvika sem greinir í 2. mgr. í a.m.k. einn mánuð skal varamaður hans taka sæti í bæjarstjórninni frá og með næsta fundi, enda séu þá ástæður forfalla enn til staðar. Þegar forföllum lýkur tekur aðalmaður sæti sitt að nýju frá og með næsta fundi.

Þegar aðalmaður fellur frá, missir kjörgengi eða fær lausn frá starfi í bæjarstjórn skal varamaður hans taka sæti í bæjarstjórn frá og með næsta fundi.

37. gr.

Þóknun o.fl.

Bæjarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn. Takist bæjarfulltrúi á hendur ferð á vegum bæjarins samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Bæjarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

Bæjarfulltrúi má ekki afsala sér greiðslum sem honum eru ákveðnar á grundvelli þessarar greinar.

38. gr.

Réttindi og skyldur varamanna.

Ákvæði þessa kafla, um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa, eiga einnig við um varamenn þegar þeir taka sæti í bæjarstjórn.

V. KAFLI

Bæjarráð.

39. gr.

Kosning bæjarráðs.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa fimm aðalmenn og jafnmarga varamenn í bæjarráð til eins árs. Aðalmenn í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn í bæjarráði, sbr. 36. gr. sveitarstjórnarlaga. Aðal- og varafulltrúar sem kosningu hafa hlotið af sama framboðslista og hinn kjörni bæjarráðsmaður eru varamenn hans í þeirri röð sem þeir skipuðu listann.

Bæjarstjórn kýs formann og varaformann bæjarráðs úr hópi kjörinna bæjarráðsmanna. Bæjarráð getur ráðið sér fundarritara utan bæjarráðs. Kosning í bæjarráð skal vera leynileg og bundin hlutfallskosning sé þess óskað.

Bæjarstjóri situr fundi bæjarráðs með málfrelsi og tillögurétt en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé bæjarfulltrúi og kjörinn í bæjarráð.

40. gr.

Fundartími bæjarráðs.

Bæjarráð skal að jafnaði halda fund einu sinni í viku á fimmtudögum.

Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess.

41. gr.

Boðun funda bæjarráðs.

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi í samráði við formann bæjarráðs. Hann sér um að bæjarráð sé boðað til fundar með rafrænum hætti ásamt dagskrá a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir fund.

Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fund skal hann boða varamann í sinn stað.

42. gr.

Stjórnun bæjarráðs.

Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarráðs.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks erindis ef einhver bæjarráðsmanna óskar þess.

Bæjarráð getur ráðið sér fundarritara utan bæjarráðs eða falið starfsmanni ritun funda. Um ritun fundargerða bæjarráðs gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 28. gr.

Um fundarsköp bæjarráðs fer eftir sömu reglum og gilda um bæjarstjórn eftir því sem þær geta átt við. Önnur ákvæði um nefndir, ráð og stjórnir taka jafnframt til bæjarráðs eftir því sem við á.

Fundir bæjarráðs eru haldnir fyrir luktum dyrum og óheimilt að greina frá ummælum einstakra fundarmanna á fundum.

Skylt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi bæjarráðs ef þess er óskað. Heimilt er að boða aðra á fundi bæjarráðs til viðræðna um tiltekin mál.

43. gr.

Áheyrnarfulltrúar í bæjarráði.

Heimilt er framboðsaðila sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki hefur náð kjöri í bæjarráð að tilnefna áheyrnarfulltrúa og varaáheyrnarfulltrúa til setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt. Áheyrnarfulltrúinn skal eiga rétt til nefndarlauna til jafns við bæjarráðsmenn.

Áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi í bæjarráði skulu vera aðalmenn í bæjarstjórn, sbr. 3. mgr. 50. gr. sveitarstjórnarlaga.

44. gr.

Verkefni bæjarráðs.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn bæjarins, fjármálastjórn og starfsmanna-
stjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin.

Bæjarráð hefur eftirlit með stjórnsýslu og fjármálastjórn bæjarins, semur drög að fjárhagsáætlun
og viðaukum við hana og leggur fyrir bæjarstjórn. Bæjarráð er veitustjórn og hefur umsjón með undir-
búningi og eftirliti framkvæmda. Bæjarráð fer með lóðaúthlutanir og ráðstöfun leigulóða bæjarins að
því leyti sem slík verkefni eru ekki öðrum falin að ákvörðun bæjarstjórnar.

Þá sér bæjarráð um að ársreikningar sveitarfélagsins séu samdir reglum samkvæmt og þeir, ásamt
ársreikningum stofnana og fyrirtækja, lagðir fyrir bæjarstjórn til meðferðar og afgreiðslu.

Meðan bæjarstjórn er í sumarleyfi fer bæjarráð með sömu heimildir og bæjarstjórn hefur ella enda
sé eigi ágreiningur innan ráðsins eða við bæjarstjóra um ákvörðunina.

45. gr.

Heimild bæjarráðs til fullnaðarákvörðunar.

Bæjarráði er heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs eða
stofnana hans enda sé ekki ágreiningur innan bæjarráðs eða við bæjarstjóra um ákvörðunina og ef lög
eða eðli máls mæla ekki gegn því. Þá getur bæjarstjórn falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema
lög mæli á annan veg.

Bæjarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár sem ætlað er til einstakra málaflokka samkvæmt
fjárhagsáætlun, svo sem til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda að svo miklu leyti sem ráð-
stöfun þess er ekki ákveðin af bæjarstjórn.

Verði ágreiningur um ákvörðun bæjarráðs telst málið ekki til lykta leitt fyrr en það hefur hlotið
staðfestingu á næsta reglulega fundi bæjarstjórnar.

Bæjarráð úrskurðar um heimild til endurupptöku mála sem hljóta afgreiðslu samkvæmt þessari
grein með hliðsjón af 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

VI. KAFLI

Fastanefndir, ráð og stjórnir aðrar en bæjarráð.

46. gr.

Kosning í fastanefndir og kjörtímabil.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í nefndir eftir því sem fyrir er mælt í lögum og samþykkt þessari. Slíkar
nefndir teljast fastanefndir bæjarstjórnar.

Kjörtímabil fastanefnda er hið sama og bæjarstjórnar, nema annað leiði af lögum eða samþykkt
þessari.

Að loknum sveitarstjórnarkosningum halda fastanefndir þó umboði sínu þar til nýkjörin bæjar-
stjórn hefur kjörið nýja nefnd í þeirra stað en með sömu takmörkunum valdheimilda og fyrri bæjar-
stjórn sætti að afloknum kosningum, sbr. 12. gr. og 2. mgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga.

47. gr.

Kosning og kjörgengi.

Kosningar í fastanefndir bæjarstjórnar, nefndir fyrir hluta sveitarfélagsins, nefndir til að fara með
einstök verkefni eða málaflokka og aðrar nefndir og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að, skulu vera
leynilegar og bundnar hlutfallskosningar ef þess er óskað. Framkvæmd kosninga skal þá vera í
samræmi við ákvæði 44. og 45. gr. sveitarstjórnarlaga.

Bæjarstjórn er heimilt að ákveða að nefnd fyrir hluta sveitarfélagsins sé kosin af íbúum viðkom-
andi hluta þess að uppfylltum öðrum skilyrðum 38. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ef ekki er kosið hlutfallskosningu til nefndar, sbr. 1. mgr. 43. gr., sveitarstjórnarlaga, skal bæjar-
stjórn gæta þess að fullnægja kröfum um kynjahlutfall skv. 2. tölul. 44. gr. laganna við skipun í við-
komandi nefnd.

Þeir einir eru kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir sem hafa kosningarrétt í sveitarfélaginu, nema
annað leiði af lögum, sbr. m.a. 2. mgr. 39. gr. sveitarstjórnarlaga.

Starfsfólk fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins er ekki kjörgengt í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana sem þeir starfa hjá. Bæjarstjórn getur þó ákveðið að víkja frá þessu ef málefni vinnuveitanda eru óverulegur þáttur í starfi viðkomandi nefndar og starfið er ekki þess eðlis að hætta sé á hagsmunaárekstrum vegna nefndarsetu.

48. gr.

Valdsvið nefnda og framsal bæjarstjórnar til fastanefnda á valdi til fullnaðarafgreiðslu mála og endurupptaka.

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð getur bæjarstjórn ákveðið í samþykkt þessari eða með sérstökum viðauka við hana, að fela nefnd, ráði eða stjórn á vegum Mosfellsbæjar fullnaðarafgreiðslu erinda sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs nema lög eða eðli máls mæli sérstaklega gegn því.

Þriðjungur fulltrúa í nefnd, ráði eða stjórn sem hefur fengið framselt vald til fullnaðarafgreiðslu máls, sbr. 1. mgr. getur farið fram á að bæjarstjórn, bæjarráð eða viðkomandi nefnd skv. samþykkt þessari, taki ákvörðun í máli.

Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls sem hefur verið fullnaðarafgreitt á grundvelli 1.-3. mgr. til bæjarstjórnar.

Við birtingu ákvörðunar skal kynnt að um fullnaðarafgreiðslu sé að ræða á grundvelli heimildar í 42. gr. sveitarstjórnarlaga og samþykktar þessarar. Að öðru leyti skal farið eftir ákvæðum 20. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

49. gr.

Afgreiðsla á fundargerðum.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna bæjarins skulu lagðar fyrir bæjarstjórn til kynningar eða afgreiðslu og staðfestingar.

Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar bæjarstjórnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast sérstakrar staðfestingar bæjarstjórnar ber að taka þær sérstaklega fyrir.

Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin lögð fyrir bæjarráð áður en hún er lögð fyrir bæjarstjórn.

50. gr.

Fundir nefnda og ályktunarhæfi.

Fundir nefnda skulu almennt haldnir fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund starfsfólk bæjarins.

Nefnd er skylt að verða við ósk nefndarmanns um opinn fund, að öllu leyti eða hluta, ef tillaga um slíkt er samþykkt mótatkvæðalaust á næsta nefndarfundi á undan, svo fremi sem lög eða eðli máls hamli því ekki og skal bæjarstjórn setja reglur þar um.

Um fundi nefnda, boðun þeirra, ályktunarhæfi og atkvæðagreiðslur gilda ákvæði III. kafla samþykktar þessarar og sveitarstjórnarlaga eftir því sem við getur átt.

51. gr.

Fundarstjórn og fundargerðir.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á.

Nefnd getur ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða, nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 28. gr., í samþykkt þessari.

52. gr.

Varamenn.

Varamenn taka sæti í nefndum í þeirri röð sem þeir eru kosnir.

Þegar kosið er til nefndar hlutbundinni listakosningu eða listi hefur verið sjálfkjörinn og aðalmaður í nefnd er forfallaður taka varamenn þess lista sem aðalmaður er kjörinn af sæti í nefnd í þeirri

röð sem þeir skipa listann eftir að endurröðun á hann hefur farið fram skv. 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ef tveir eða fleiri flokkar eða framboðslistar til bæjarstjórnar leggja í sameiningu fram tillögu að lista við hlutbundna kosningu í nefnd bæjarstjórnar geta þeir komið sér saman um að varamenn á listanum vegna nefndarkosningarinnar, sem eru þar fulltrúar sama flokks eða framboðslista og sá aðalmaður í nefnd sem um ræðir, taki sæti hans í nefndinni í þeirri röð sem þeir voru kosnir án tillits til þess hvar þeir annars eru í röð varamanna. Sé enginn úr hópi varamanna viðkomandi lista í sama flokki eða tilheyrir sama framboðslista og aðalmaður tilheyrði þegar kosning í nefnd fór fram taka varamenn af listanum sæti eftir venjulegum reglum.

Yfirlýsingu um samkomulag skv. 3. mgr. skal leggja fram á fyrsta bæjarstjórnarfundum eftir að nefndarkosning fór fram og gildir hún til loka kjörtímabils eða þar til kjörið er í nefnd að nýju.

53. gr.

Boðun varamanna.

Um boðun varamanna á nefndarfundum gilda ákvæði 36. gr. samþykktar þessarar eftir því sem við á.

Þegar aðalmaður í nefnd fellur frá, missir kjörgengi, fær lausn frá nefndarstarfi eða forfallast varanlega frá því að sitja í nefnd tekur varamaður hans sæti í nefndinni nema bæjarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju, ella skipar bæjarstjórn nýjan varamann til setu í nefndinni.

Ákvæði þessa kafla samþykktarinnar um varamenn taka einnig til varaáheyrnarfulltrúa eftir því sem við getur átt.

54. gr.

Lausn frá nefndarsetu og endurskipun.

Fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins, sem ekki eru aðal- eða varamenn í bæjarstjórn, er heimilt að segja af sér nefndastörfum hvenær sem er á kjörtímabili. Aðrir fulltrúar geta óskað eftir því við bæjarstjórn að þeim verði veitt lausn tímabundið eða út kjörtímabilið og metur hún þá hvort skilyrði til þess séu fyrir hendi.

Bæjarstjórn getur hvenær sem er á kjörtímabili ákveðið að skipta um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sem hún kys eða skipar ef ekki er um það ágreiningur innan bæjarstjórnar eða málefna- legar ástæður mæla með slíkri breytingu, svo sem ef nefndarmaður, án lögmætra forfalla, mætir ekki á fundum nefndar eða brýtur gegn þagnarskyldu. Enn fremur getur bæjarfulltrúi krafist þess að nefnd verði endurskipuð telji hann ástæðu til. Bæjarstjórn er þó heimilt að hafna slíkri beiðni ef hún er bersýnilega tilefnislaus að því tilskildu að 2/3 fundarmanna greiði atkvæði með tillögu um höfnun. Við framangreindar breytingar á skipan fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins skal kjósa alla fulltrúa að nýju og fer þá um kjör þeirra skv. 1. mgr. 43. gr. sveitarstjórnarlaga nema enginn ágreiningur sé innan bæjarstjórnar um breytingarnar.

Breytingar á nefndaskipan samkvæmt þessari grein skulu fullnægja skilyrðum 2. tölul. 44. gr. og 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga um kynjahlutföll.

55. gr.

Áheyrnarfulltrúar.

Heimilt er bæjarstjórn að ákveða að framboðsaðila sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn nefndarmann í nefnd, sbr. B-lið 59. gr., sé heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa og varaáheyrnarfulltrúa til setu í viðkomandi nefnd með málfrelsi og tillögurétt.

Um áheyrnarfulltrúa á fundum nefnda gilda sömu þagnarskylduákvæði laga og eiga við um aðra nefndarmenn. Áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi skulu fullnægja kjörgengisskilyrðum í viðkomandi nefnd.

56. gr.

Þóknun.

Bæjarstjórn er skylt að ákveða kjörnum fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélagsins hæfilega þóknun fyrir þau störf, samkvæmt mati bæjarstjórnar, í samræmi við reglur sem hún setur.

Bæjarstjórn er með sama hætti heimilt að ákveða að greiða áheyrnarfulltrúum þóknun fyrir störf þeirra í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélagsins.

57. gr.

Önnur réttindi og skyldur.

Nefndarmönnum er skylt að sækja fundi.

Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda að öðru leyti um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á. Réttindi takmarkast þó eftir eðli máls við það sem fulltrúum er þörf á vegna starfa í viðkomandi nefnd.

58. gr.

Aðrar nefndir, ráð og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að samkvæmt viðkomandi lögum eða samþykktum. Ákvæði þessa kafla samþykktarinnar eiga við um slíka fulltrúa eftir því sem við getur átt.

Að því leyti sem nefnd, ráð eða stjórn lögaðila, sem bæjarstjórn kýs fulltrúa til skv. 1. mgr., fer með framkvæmd eða ábyrgð á verkefni sem sveitarfélaginu væri ekki sjálfu heimilt að sinna, þá er fulltrúi sveitarfélagsins í viðkomandi nefnd, ráði eða stjórn ekki bundinn af fyrirmælum bæjarstjórnarinnar um þau störf. Hið sama á við að því leyti sem það leiðir af lögum sem gilda um rekstur og starfsemi viðkomandi lögaðila.

59. gr.

Fastanefndir, aðrar nefndir, stjórnir og ráð sem sveitarfélagið á aðild að.

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir til að fara með tiltekin mál eftir sérstökum samþykktum sínum og því sem lög mæla fyrir um:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. *Bæjarráð.* Kjósa skal fimm bæjarfulltrúa sem aðalmenn og jafnmarga til vara. Aðal- og vara-fulltrúar sem kosningu hafa hlotið af sama framboðslista og hinn kjörni bæjarráðsmaður verða sjálfkrafa varamenn hans í þeirri röð sem þeir skipuðu listann.

B. **Til tveggja ára.** Á fyrsta fundi í júní að afloknum bæjarstjórnarkosningum og tveimur árum síðar kýs bæjarstjórn fulltrúa bæjarins í:

1. *Stjórn Sorpu bs.* Einn aðalmaður og einn varamaður samkvæmt samþykktum byggðasamlagsins.
2. *Stjórn Strætó bs.* Einn aðalmaður og einn varamaður samkvæmt samþykktum byggðasamlagsins.

C. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum skulu eftirtaldar fastanefndir kosnar:

1. *Velferðarnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara.
2. *Fræðslunefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara.
3. *Íþrótt- og tómstundanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara.
4. *Atvinnu- og nýsköpunarnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara.
5. *Menningar- og lýðræðisnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara.
6. *Skipulagsnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara.
7. *Umhverfisnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara.
8. *Ungmennaráð.* Níu aðalmenn og jafnmargir til vara tilnefndir af eldri deildum grunnskólanna og Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ. Ungmennaráð kýs sér sjálft formann og varaformann þess.
9. *Yfirkjörstjórn og kjörstjórnir.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara og á sama hátt þrír aðalmenn og jafnmargir til vara í kjörstjórnir fyrir hverja kjördeild í samræmi við ákvæði kosningalaga. Yfirkjörstjórn kýs sér sjálf formann og varaformann. Yfirkjörstjórn ákveður skipan formanns og varaformanns undirkjörstjórna.
10. *Öldungaráð.* Sjö aðalmenn, þar af þrír sem tilnefndir eru af Félagi aldraðra í Mosfellsbæ og nágrenni (FaMos) og einn sem tilnefndur er af heilsugæslu Mosfellsumdæmis. Jafnmargir varamenn eru kjörnir með sama hætti.

11. *Notendaráð þjónustusvæðis Mosfellsbæjar og Kjósarhrepps um málefni fatlaðs fólks.* Fjórir aðalmenn, þar af tveir sem tilnefndir eru af Landssamtökunum Þroskahjálp og Öryrkjabandalagi Íslands. Jafnmargir varamenn eru kjörnir með sama hætti. Tveir fulltrúar og jafnmargir til vara eru kjörnir af sveitarstjórn Kjósarhrepps og þar af einn og annar til vara sem tilnefndur er af Landssamtökunum Þroskahjálp og/eða Öryrkjabandalagi Íslands.

D. Til fjögurra ára.

Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum skal kjósa fulltrúa í eftirtaldar samstarfsnefndir:

1. *Almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara í sameiginlega almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins, þ.e. Hafnarfjarðarkaupstaðar, Garðabæjar, Kópavogsbæjar, Seltjarnarnesbæjar, Reykjavíkurborgar, Mosfellsbæjar og Kjósarhrepps samkvæmt samkomulagi sveitarfélaganna þar um og staðfestingu ráðuneytisins.
2. *Fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands nr. 68/1994.
3. *Fulltrúaráð Sambands sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH).* Tveir aðalmenn.
4. *Heilbrigðisnefnd Garðabæjar, Hafnarfjarðarkaupstaðar, Kópavogsbæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarnesbæjar.* Einn aðalmaður og einn til vara.
5. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. lögum Sambands íslenskra sveitarfélaga.
6. *Skólanefnd Borgarholtsskóla.* Einn aðalmaður og einn varamaður.
7. *Skólanefnd Framhaldsskólans í Mosfellsbæ.* Tveir aðalmenn og tveir varamenn.
8. *Stjórn skíðasvæðis höfuðborgarsvæðisins og Bláfsjallafólkvangs bs.* Einn aðalmaður og einn varamaður.
9. *Stjórn SSH bs.* Einn varamaður. Bæjarstjóri er alltaf aðalmaður.
10. *Stjórn SSH.* Einn varamaður. Bæjarstjóri er alltaf aðalmaður.
11. *Svæðisskipulagsnefnd SSH.* Tveir aðalmenn.

- E. Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að liðnum þremur árum frá sveitarstjórnarkosningum skal kosið í eftirtaldar samstarfsnefndir og ráð:

1. *Fulltrúaráð Eirar.* Þrír aðalmenn og þrír varamenn.

F. Verkefnabundnar nefndir.

Bæjarstjórn getur skipað nefndir til að vinna að afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur sjálfkrafa niður við lok kjörtímabils bæjarstjórnar eða fyrr ef verki nefndarinnar er lokið. Bæjarstjórn getur afturkallað umboð slíkrar nefndar hvenær sem er.

60. gr.

Endurupptaka mála.

Eftir að starfsmaður, stjórn, nefnd eða ráð hefur tekið ákvörðun og hún hefur verið tilkynnt, á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem hafa breyst verulega frá því ákvörðun var tekin, sbr. 24. gr. stjórnsýslulaga. Endurupptaka er heimil innan þriggja mánaða frá því aðila máls var eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.

VII. KAFLI

Framkvæmdastjóri og annað starfsfólk sveitarfélagsins.

61. gr.

Ráðning bæjarstjóra.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra til að annast framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og verkefni sveitarfélagsins. Bæjarstjórn skal gera skriflegan ráðningarsamning við bæjarstjóra þar sem starfskjör hans eru ákveðin. Ráðningartími bæjarstjóra skal að jafnaði vera sá sami og kjörtímabil sveitarstjórnar.

62. gr.

Hlutverk bæjarstjóra.

Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs bæjarins. Hann skal sjá um að stjórnýsla sveitarfélagsins samræmist lögum, samþykktum og viðeigandi fyrirmælum yfirmanna.

Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar. Þar hefur hann málfrelsi, tillögurétt og rétt til bókana en ekki atkvæðisrétt nema hann sé jafnframt kjörinn bæjarfulltrúi. Hann hefur jafnframt rétt til setu á fundum nefnda og ráða sem sveitarstjórn skipar.

Bæjarstjóri skal sjá um að fundir bæjarstjórnar, bæjarráðs og annarra nefnda bæjarstjórnar séu vel undirbúnir, m.a. í þeim tilgangi að mál sem þar eru afgreidd séu vel upplýst. Hann sér einnig um að ákvarðanir þær sem teknar eru af hálfu bæjarstjórnar og annarra nefnda komist til framkvæmda, hafi bæjarstjórn ekki falið það öðrum.

Bæjarstjóri er prókúruhafi sveitarfélagsins. Honum er heimilt að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru að fengnu samþykki bæjarstjórnar. Prókúruhafar skulu vera fjár síns ráðandi.

Bæjarstjóri undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna bæjarins, lántökur og ábyrgðir, svo og önnur skjöl sem fela í sér skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki bæjarstjórnar þarf til.

Forstöðumaður þjónustu- og samskiptadeildar gegnir störfum bæjarstjóra í forföllum hans nema bæjarstjórn feli það öðrum.

63. gr.

Ráðning í æðstu stjórnunarstöður.

Bæjarstjórn ræður framkvæmdastjóra sviða og veitir þeim lausn frá störfum.

64. gr.

Um ráðningu annars starfsfólks.

Bæjarstjóri, framkvæmdastjórar og forstöðumenn annast ráðningu annars starfsfólks og veita því lausn frá starfi, enda hafi bæjarstjórn ekki ákveðið annað í samþykkt þessari eða með almennum fyrir-mælum sem hafa verið birt.

65. gr.

Framsal bæjarstjórnar til starfsfólks til fullnaðarafgreiðslu mála.

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð getur bæjarstjórn ákveðið í samþykkt þessari eða með sérstökum viðauka við hana, að fela starfsfólki sveitarfélagsins fullnaðarafgreiðslu tiltekinna mála sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs nema lög eða eðli máls mæli sérstaklega gegn því.

Starfsfólk sem fengið hefur framselt vald til fullnaðarafgreiðslu getur farið fram á að bæjarstjórn, bæjarráð eða viðkomandi nefnd, skv. samþykktum þessum, taki ákvörðun í máli.

Bæjarstjórn, bæjarráð eða hlutaðeigandi nefnd skal hafa eftirlit með afgreiðslu mála samkvæmt þessari málsgrein og kalla eftir reglulegum skýrslum um ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli hennar.

Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls sem hefur verið fullnaðarafgreitt á grundvelli 1. og 2. mgr. til bæjarráðs.

Við birtingu ákvörðunar skal kynnt að um fullnaðarafgreiðslu sé að ræða á grundvelli heimildar í 42. gr. sveitarstjórnarlaga og samþykktar þessarar. Að öðru leyti skal gæta að ákvæðum 20. gr. stjórn-sýslulaga.

66. gr.

Þagnarskylda starfsfólks.

Starfsfólk Mosfellsbæjar og aðrir sem sveitarfélagið ræður til vinnu við ákveðin verkefni er bundið þagnarskyldu um atriði sem það fær vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

67. gr.

Um starfskjör og réttindi starfsfólks.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsfólks Mosfellsbæjar fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og ákvæðum ráðningarsamninga.

VIII. KAFLI

Fjármál sveitarfélagsins.

68. gr.

Fjárstjórnarvald bæjarstjórnar.

Einvörðungu bæjarstjórn getur tekið ákvarðanir um málefni sem varða verulega fjármál sveitarfélagsins. Til slíkra málefna teljast m.a. ákvarðanir um eftirtalin atriði séu ekki gerðar beinar undantekningar þar á með lögum:

1. staðfestingu ársreiknings,
2. fjárhagsáætlun næstkomandi árs,
3. fjárhagsáætlun til fjögurra ára,
4. viðauka við fjárhagsáætlanir skv. 2. og 3. tölul.,
5. lán, ábyrgðir eða aðrar fjárhagslegar skuldbindingar sveitarfélagsins,
6. sölu eigna sveitarfélagsins og annarra réttinda þess,
7. álagningu skatta og gjalda,
8. ráðningu eða uppsögn endurskoðanda.

69. gr.

Afgreiðsla og form fjárhagsáætlunar.

Bæjarstjórn skal á hverju ári afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og næstu þrjú ár þar á eftir. Bæjarráð leggur samkvæmt 1. mgr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga tillögu um fjárhagsáætlun fyrir bæjarstjórn eigi síðar en 1. nóvember ár hvert. Bæjarstjórn skal fjalla um hana á tveimur fundum sem fram skulu fara með minnst tveggja vikna millibili. Að lokinni umræðu bæjarstjórnar skal afgreiða tillögun, þó ekki síðar en 15. desember ár hvert.

Fjárhagsáætlanir skulu gefa glögga mynd af rekstri sveitarfélagsins, efnahag og breytingum á handbæru fé. Einnig skal þar koma fram greinagott yfirlit um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjárheimildir sveitarfélagsins. Við gerð fjárhagsáætlana skal hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitar-sjóðs og stofnana sveitarfélagsins við upphaf áætlunartímabilsins.

Bæjarstjórn skal senda ráðuneytinu fjárhagsáætlun innan fimmtán daga frá afgreiðslu hennar, sbr. 1. mgr. 76. gr. sveitarstjórnarlaga. Sama á við um viðauka við fjárhagsáætlun.

70. gr.

Bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins.

Ákvörðun sem bæjarstjórn tekur skv. 69. gr. samþykktar þessarar og 62. gr. sveitarstjórnarlaga um fjárhagsáætlun næstkomandi árs er bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins. Aðrir geta þó ekki byggt sjálfstæðan rétt til fjárframlaga eða annarrar fyrirgreiðslu sveitarfélagsins á fjárhagsáætlunum.

Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. nema bæjarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina. Á þetta við um hvers kyns ákvarðanir, samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum, skuldbindingum eða tilfærslur milli liða í fjárhagsáætlun í þegar samþykktri áætlun. Viðauki er ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærða ákvörðun um það hvernig þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir verði mætt. Á það einnig við þótt heildarútgjöld eða heildartekjur breytist ekki vegna samþykktar hans.

Þrátt fyrir 2. mgr. má í undantekningartilvikum gera þær ráðstafanir sem skylt er samkvæmt lögum eða öðrum bindandi réttarreglum án þess að bæjarstjórn hafi áður samþykkt viðauka, enda þoli þær ekki bið. Viðhlítandi heimildar bæjarstjórnar skal þá afla svo fljótt sem auðið er. Skal erindi um slíka heimild lagt fyrir þegar á næsta fundi bæjarstjórnarinnar.

71. gr.

Fjármálaireglur og viðmið um afkomu sveitarfélagsins.

Bæjarstjórn ber að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum, sbr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga og reglna sem settar eru á grundvelli ákvæðisins.

72. gr.

Ábyrg meðferð fjármuna og heimildir til fjárskuldbindinga.

Bæjarstjórn skal gæta ábyrgðar við meðferð fjármuna sveitarfélagsins og varðveita fjármuni með ábyrgum hætti, svo sem á innlánsreikningum fjármálastofnana eða með því að kaupa ríkistryggð verðbréf. Um heimildir til fjárfestinga í hagnaðarskyni fer skv. ákvæðum 65. gr. sveitarstjórnarlaga.

Áður en bæjarstjórn tekur ákvörðun um fjárfestingu, framkvæmd eða aðra skuldbindingu sem nemur hærri fjárhæð en 20% af skatttekjum sveitarfélagsins yfirstandandi reikningsár er skylt að gera sérstakt mat á áhrifum hennar á fjárhag sveitarfélagsins, sbr. ákvæði 66. gr. sveitarstjórnarlaga.

Um heimildir sveitarfélagsins Mosfellsbæjar til veðsetninga og að gangast í ábyrgðir fer skv. 68. og 69. gr. sveitarstjórnarlaga.

73. gr.

Ársreikningur.

Gera skal ársreikning fyrir sveitarsjóð, stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki þess. Jafnframt skal gera samstæðureikning fyrir sveitarfélagið, þ.e. sveitarsjóð, stofnanir þess og fyrirtæki með sjálfstætt reikningshald, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga. Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum um ársreikninga, reglum settum samkvæmt þeim lögum og sveitarstjórnarlögum, sem og góðri reikningskilavenju.

Ársreikningur sveitarfélagsins skal fullgerður og samþykktur af bæjarráði og tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í bæjarstjórn fyrir 15. apríl ár hvert.

Bæjarstjórn skal hafa lokið staðfestingu ársreiknings sveitarfélagsins, stofnana og fyrirtækja þess eigi síðar en 15. maí ár hvert.

Ársreikning sveitarfélagsins, ásamt skýrslu endurskoðanda, skal senda ráðuneyti sveitarstjórnarmála og Hagstofu Íslands ekki síðar en 20. maí ár hvert.

74. gr.

Endurskoðun ársreikninga.

Bæjarstjórn ræður löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem annast skal endurskoðun ársreikninga hjá sveitarfélaginu. Endurskoðun fer eftir lögum um endurskoðendur, lögum um ársreikninga og alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum, sem og fyrirmælum 72. og 73. gr. sveitarstjórnarlaga.

IX. KAFLI

Samvinna við önnur sveitarfélög og samningar um starfrækslu verkefna.

75. gr.

Samvinna sveitarfélaga.

Bæjarstjórn er heimilt að eiga samstarf um rækslu verkefna við annað eða önnur sveitarfélög og framselja vald til töku ákvarðana um rétt og skyldu manna. Fer um slíkt samstarf skv. IX. kafla sveitarstjórnarlaga og þeim sérlægum sem við eiga.

76. gr.

Samningar við einkaaðila.

Bæjarstjórn er heimilt að gera samninga við einkaaðila um framkvæmd á þjónustu og öðrum verkefnum fyrir sveitarfélagið, enda sé áætlað fyrir viðkomandi verkefni í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, sbr. 100. gr. sveitarstjórnarlaga. Skulu ákvæði stjórnsýslulaga og upplýsingalaga, sem og almennar meginreglur stjórnsýsluréttar, gilda um þá stjórnsýslu sem verktaki tekur að sér að annast.

X. KAFLI

Samráð við íbúa – Þátttökulýðræði.

77. gr.

Borgarafundur, íbúabing, íbúakosningar o.fl.

Um samráð við íbúa, þ.m.t. borgarafundi, íbúabing og íbúakosningar, gilda ákvæði X. kafla sveitarstjórnarlaga, ef frá er talið skilyrði um lágmarkshlutfall af þeim sem kosningarrétt eiga í sveitarfélaginu og óska almennrar atkvæðagreiðslu, sbr. 78. gr. samþykktar þessara.

78. gr.

Almenn atkvæðagreiðsla að frumkvæði íbúa.

Ef minnst 20% þeirra sem kosningarrétt eiga í sveitarfélaginu óska almennrar atkvæðagreiðslu skv. 108. gr. sveitarstjórnarlaga skal bæjarstjórn verða við því eigi síðar en innan árs frá því að slík ósk berst.

Um framkvæmd undirskriftasöfnunar, hlutverk bæjarstjórnar og framkvæmd almennrar atkvæðagreiðslu fer skv. 107. og 108. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

79. gr.

Gildistaka.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur sett skv. 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn Mosfellsbæjar nr. 238/2014, með síðari breytingum.

Innviðaráðuneytinu, 10. nóvember 2022.

F. h. r.

Aðalsteinn Þorsteinsson.

Hafdís Gísladóttir.

VIÐAUKI I

Embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa.

1. gr.

Skipulagsfulltrúinn í Mosfellsbæ afgreiðir án staðfestingar skipulagsnefndar og bæjarstjórnar mál, sem talin eru upp í 2. gr. þessa viðauka og falla undir skipulagslög nr. 123/2010, með síðari breytingum, og skilgreind eru sem verkefni skipulagsnefndar, sbr. heimild í 48. gr. samþykktar þessarar og 42. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, með síðari breytingum.

2. gr.

Skipulagsfulltrúa er, sbr. 1. gr. heimilt að:

- a. ákveða að grenndarkynna tillögur að óverulegum breytingum á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga;
- b. víkja frá kröfu um óverulega breytingu deiliskipulags og grenndarkynningu skv. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga þegar um svo óverulegt frávík er að ræða og það í fullu samræmi við landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar í þegar byggðu hverfi þar sem deiliskipulag liggur ekki fyrir;
- c. ákveða að grenndarkynna tillögur að byggingar- eða framkvæmdaleyfi skv. 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga þegar leyfi er í samræmi við landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar í þegar byggðu hverfi og deiliskipulag liggur ekki fyrir;
- d. stytta kynningartímabil eða falla frá grenndarkynningu skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga;
- e. framlengja frest til að gera athugasemdir við auglýstar eða grenndarkynntar tillögur;
- f. afgreiða til Skipulagsstofnunar auglýstar eða grenndarkynntar tillögur að breytingum á deiliskipulagi þar sem engar eða minniháttar athugasemdir, ábendingar eða umsagnir hafa borist

og þær teknar til greina. Skipulagsfulltrúa er heimilt að auglýsa gildistöku breytinga í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 1. mgr. 42. gr. og 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga, nema skipulagsnefnd hafi ákveðið annað á fundi sínum þegar tillaga var samþykkt til auglýsingar eða grenndarkynningar;

- g. veita framkvæmdaleyfi sem samræmast samþykktu aðal- og/eða deiliskipulagi Mosfellsbæjar skv. 13. gr. skipulagslaga. Skipulagsfulltrúa er heimilt að leita eftir umsögnum viðeigandi umsagnaraðila eða grenndarkynna leyfið áður;
- h. framsenda, vísa frá eða synja erindum og veita umsagnir um erindi sem beint er til skipulagsnefndar Mosfellsbæjar og eru bersýnilega í ósamræmi við skipulagsáætlanir.

3. gr.

Afgreiðslur skipulagsfulltrúa sbr. 2. gr. skulu fara fram á formlegum afgreiðslufundum og skulu haldnar fundargerðir yfir afgreiðslur hans með sama hætti og gildir um fastanefndir Mosfellsbæjar.

Framangreindar afgreiðslur skipulagsfulltrúa skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi skipulagsnefndar og síðar bæjarstjórnar.

4. gr.

Skipulagsfulltrúi getur ávallt lagt mál til afgreiðslu skipulagsnefndar þó honum sé heimilt að afgreiða það skv. 2. gr.

5. gr.

Um afgreiðslur skipulagsfulltrúa gilda eftir því sem við á ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010, ásamt ákvæðum í þeim reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna.

6. gr.

Aðila máls skal leiðbeint um rétt hans til að skjóta málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála samkvæmt lögum nr. 130/2011, þar á meðal um kærufrest, þegar um kæranalega ákvörðun er að ræða.

Óski aðili eftir endurupptöku ákvörðunar skal honum leiðbeint um heimild til að óska eftir slíku hjá bæjarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnáskilulaga nr. 37/1993. Telji bæjarráð að skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi skal skipulagsnefnd fjalla um málið.

VIÐAUKI II

Embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa.

1. gr.

Byggingarfulltrúinn í Mosfellsbæ afgreiðir, án staðfestingar bæjarstjórnar mál er falla undir lög um mannvirki nr. 160/2010 með síðari breytingum og skilgreind eru sem verkefni byggingarnefndar í lögnum samkvæmt heimild í 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og heimild í 48. gr. samþykktar þessarar.

2. gr.

Byggingarfulltrúi afgreiðir mál er falla undir 1. gr. og getur hann gefið út byggingarleyfi að uppfylltum ákvæðum laganna og þeirra reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra, úthlutunar- og skipulagsskilmála og samkvæmt öðrum samþykktum Mosfellsbæjar um byggingarmál. Byggingarfulltrúi getur ávallt vísað máli skv. 1. gr. til afgreiðslu skipulagsnefndar ef ætla má að aðili muni ekki vilja sæta niðurstöðu hans.

3. gr.

Afgreiðslur byggingarfulltrúa sbr. 2. gr. þessa viðauka skulu fara fram á formlegum afgreiðslufundum og skulu haldnar fundargerðir yfir afgreiðslur hans með sama hætti og gildir um fastanefndir Mosfellsbæjar.

Framangreindar afgreiðslur byggingarfulltrúa skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi skipulagsnefndar og síðar bæjarstjórnar.

4. gr.

Um afgreiðslur byggingarfulltrúa gilda eftir því sem við á ákvæði laga um mannvirki nr. 160/2010, ásamt ákvæðum í þeim reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna og samþykktar bæjarstjórnar er til þeirra taka.

5. gr.

Aðila máls skal leiðbeint um rétt hans til að skjóta málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála samkvæmt lögum nr. 130/2011, þar á meðal um kærufrest, þegar um kæranlega ákvörðun er að ræða.

VIÐAUKI III

Embættisafgreiðslur framkvæmdastjóra velferðarsviðs.

1. gr.

Framkvæmdastjóri velferðarsviðs afgreiðir, án staðfestingar bæjarstjórnar, mál sem talin eru upp í 2. gr. þessa viðauka og falla undir lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og lög um málefni aldraðra nr. 125/1999, og skilgreind eru sem verkefni fjölskyldunefndar, sbr. heimild í 65. gr. samþykktar þessarar og 42. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, með síðari breytingum.

2. gr.

Bæjarstjórn framselur fullnaðarafgreiðsluvald til framkvæmdastjóra velferðarsviðs, sbr. 1. gr., í eftirtöldum málum samkvæmt:

- a. Lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.
 1. Fjárhagsaðstoð, skv. 2. lið 2. gr. og 19. gr. laganna.
 2. Stuðningsþjónustu skv. 25., 26., 27., 28. og 29. gr. laganna.
 3. Notendasamningi, skv. d-lið 28. gr. laganna.
 4. Akstursþjónustu, skv. 29. gr. laganna.
 5. Sérstökum húsnæðisstuðningi, skv. 45. gr. laganna.
 6. Úthlutun félagslegs leiguhúsnæðis, skv. 46. gr. laganna.
 7. Starfsleyfi til félagsamtaka, sjálfseignarstofnana og annarra einkaaðila sem veita félagsþjónustu, skv. 10. gr. laganna.
- b. Lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.
 1. Stoðþjónustu, skv. 4. lið 1. mgr. 1. gr. og 8. gr. laganna.
 2. NPA samningum, skv. 6. lið 1. mgr. 2. gr. laganna og reglugerð nr. 1250/2018.
 3. Stuðningsfjölskyldum, skv. 15. gr. laganna.
 4. Notendasamningum, skv. 5. lið 1. mgr. 2. gr. og 10. gr. laganna.
 5. Skammtímadvöl, skv. 17. gr. laganna og reglugerð nr. 1037/2018.
 6. Sumardvöl, skv. 18. gr. laganna.
 7. Hæfisþjálfun og vinnustofum, skv. 2. lið 1. mgr. 8. gr. og 22., 23., 24. og 25. gr. laganna.
 8. Búsetu-/húsnæðisúrræðum fyrir fatlað fólk, skv. 9. gr. laganna og reglugerð nr. 370/2016 og 1039/2018.
 9. Heimilum fyrir börn, skv. 21. gr. laganna og reglugerð nr. 1038/2018.
 10. Frístundaþjónustu, skv. 16. gr. laganna.
- c. Lög um málefni aldraðra nr. 125/1999.
 1. Dagdvöl, skv. 3. lið 1. mgr. 13. gr. laganna.
 2. Akstri í dagdvöl.
 3. Heimsendingu á fæði.

3. gr.

Framkvæmdastjóri velferðarsviðs getur ávallt óskað eftir því að velferðarnefnd taki ákvörðun í máli skv. 2. gr.

Eftir að framkvæmdastjóri velferðarsviðs hefur tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt, á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin. Endurupptaka er heimil innan þriggja mánaða frá því að aðila var eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls til velferðarnefndar.

4. gr.

Afgreiðslur framkvæmdastjóra velferðarsviðs skv. staflidum a, b og c í 2. gr., og tölulidum þar undir, skulu fara fram á formlegum afgreiðslufundum fjölskyldunefndar og skulu haldnar fundargerðir yfir afgreiðslu nefndarinnar með sama hætti og gildir um fastanefndir Mosfellsbæjar.

5. gr.

Framangreindar afgreiðslur framkvæmdastjóra velferðarsviðs skulu kynntar velferðarnefnd með skriflegri skýrslu a.m.k. einu sinni á ári.